

Umhverfis-orku- og loftlagsráðuneytið
Skrifstofa umhverfisgæða
Sölvhólsgötu 7
101Reykjavík

Húnaþingi vestra, 10. ágúst 2026
Mál nr. 2607054 U.V.H.

Efni: Umsögn um mál nr. S-113/2026, drög að breytingum á reglugerðum vegna einföldunar eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum.

Á 1285. fundi byggðarráðs Húnaþings vestra, sem haldinn var þann 10. ágúst 2026, var tekin fyrir umsagnarbeiðni um drög að breytingum á 57 reglugerðum á sviði hollustuhátta og mengunarvarna, mál nr. S-113/2026 í samráðsgátt stjórnvalda. Svohljóðandi var bókað:

Byggðarráð vísar til fyrri umsagna sinna um frumvarp til laga um einföldun regluverks og aukna skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum, 582. mál, og um frumvarp til laga um Stofnun atvinnuveganna, 568. mál, báðar dagsettar 9. apríl 2026. Í báðum umsögnum var bent á að ekki lægi fyrir kostnaðarmat eða raunhæft mat á áhrifum breytinganna á fjárhag sveitarfélaga. Nú þegar lögin hafa verið samþykkt og reglugerðarbreytingar liggjá fyrir til samráðs telur byggðarráð að sá ótti hafi, því miður, reynst á rökum reistur.

Yfirlitsskjal ráðuneytisins um breytingarnar sýnir að tiltekin verkefni sitja eftir hjá sveitarfélögunum sjálfum þrátt fyrir að bróðurpartur verkefna heilbrigðisnefnda flytjist til Umhverfis- og orkustofnunar. Í reglugerð um loftgæði lendir mat á loftgæðum, gerð aðgerðaráætlana og upplýsingagjöf til almennings á „sveitarstjórn“ sjálfri, og sveitarfélög halda áfram hlutverki sínu við hávaðakortlagningu samkvæmt reglugerð um kortlagningu hávaða. Í reglugerð um varnir gegn mengun vatns er í fyrsta sinn kveðið með skýrum hætti á um að sveitarfélög ákvarði sjálf verndarsvæði vatnsbóla. Eftirlit með umgengni og þrifnaði utanhúss samkvæmt reglugerð um meðhöndlun úrgangs, og skráning eldri mengaðra svæða samkvæmt reglugerð um mengaðan jarðveg, flytjast einnig beint til sveitarstjórna. Loks fellur heimild til að fjarlægja lausamuni og bíflök samkvæmt reglugerð um hollustuhætti brott með öllu, sem þýðir að sveitarfélög þurfa sjálf að setja sér samþykktir á grundvelli 59. gr. laga nr. 7/1998, haldi þau heimildinni yfirhöfuð.

Byggðarráð leggur höfuðáherslu á að ekkert í fyrirliggjandi gögnum bendi til að fjármunir fylgi þessum verkefnum. Í minnisblaði Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra frá 18. júní 2026 kemur fram að óljóst sé hvort gjaldtökuheimildir fylgi mörgum þessara verkefna og að umtalsverð vinna og kostnaður fylgi yfirfærslu gagna, kostnaður sem sveitarfélögin munu á endanum bera. Í nefndarátliti meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um frumvarpið, þskj. 1355/157, er

viðurkennt að hlutverk heilbrigðiseftirlits í almannavörnum sé veigamikild, sér í lagi hvað varðar neysluvatn og vernd vatnsbóla, en spurningum um hvernig það hlutverk verði fjármagnað eftir breytinguna er ósvarað.

Reynslan af sambærilegum verkefnaflutningum gefur fullt tilefni til tortryggni. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur bent á, í umsögn um fjárlagafrumvarp 2025, að kostnaður vegna þjónustu við fatlað fólk, sem flutt var til sveitarfélaga árið 2011, hafi vaxið umtalsvert meira en þær tekjur sem fylgdu málaflokknum. Í nýlegra dæmi, frá 25. júní 2026, sakaði stjórn sambandsins ríkið um að standa ekki við samkomulag frá 19. mars 2025 um fjármögnun þjónustu við börn með fjölþættan vanda, með einhliða þrengingu á þeim hópi sem fjármögnunin átti að ná til. Byggðarráð telur að þessi endurtekna reynsla kalli á að skýrt kostnaðarmat og bindandi fjármögnun liggi fyrir áður en umræddar reglugerðarbreytingar taka gildi, ekki eftir á, þegar sveitarfélög standa frammi fyrir orðnum hlut.

Byggðarráð gerir jafnframt athugasemd við að umsagnarfrestur um jafn umfangsmikið mál, á sjötta tug reglugerða sem breytt er í einu máli, sé frá 13. júlí til 17. ágúst, á hefðbundnum sumarleyfistíma. Slíkt hlýtur að vera gert með vilja og vitund, og ásetningurinn þar á baki er, að mati byggðarráðs, ámælisverður. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hefur samkvæmt eigin minnisblaði aðeins 3,5 stöðugildi að meðaltali og þarf samhliða að sinna óbreyttri lögbundinni þjónustu og undirbúa yfirfærslu mála. Byggðarráð telur að þessi tímasetning gefi hvorki heilbrigðiseftirlitinu né sveitarfélögunum raunhæft svigrúm til vandaðrar umfjöllunar um jafn afdrifaríka breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Byggðarráð Húnaþings vestra ítrekar afstöðu sína úr fyrri umsögnum um 582. og 568. mál og krefst þess að fyrir liggi skýrt kostnaðarmat og tryggð fjármögnun þeirra verkefna sem sitja eftir hjá sveitarfélögum áður en reglugerðarbreytingarnar taka gildi.

Ofangreint tilkynnist hér með.

Byggðarráð áskilur sér rétt til frekari umsagnar á síðari stigum málsins og lýsir sig tilbúið til samtals við ráðuneytið um efni umsagnar þessarar.

F.h. byggðarráðs Húnaþings vestra,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri.